

**Nefndasvið Alþingis
Menntamálanefnd
b/t Elísabetar Ránar Andrésdóttur, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík**



Reykjavík, 25. janúar 2007.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum nr. 53/2000. lögum um prentrétt nr. 57/1956 og samkeppnislögum nr. 44/2005 (58. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem er ætlað að breyta ýmsum lögum sem varða fjölmiðla. Viðskiptaráð hefur ýmislegt við frumvarpið að athuga og þá einkum eftirtalin atriði.

Takmarkanir á eignarhaldi fjölmiðla

Í b. lið 4. gr. frumvarpsins sem er ætlað að verða að 1. mgr. 6. gr. a. útvarpslaga er mælt fyrir um að einstaklingur eða fyrirtæki og skyldir aðilar megi ekki eiga meira en 25% eignarhlut í útvarpsstöð ef nánari skilyrði eru uppfyllt. Sambærilegt ákvæði er varðandi dagblöð í a. lið 10. gr. frumvarpsins sem er ætlað að verða 1. mgr. 10. gr. a. prentréttarlaga.

Í greinargerð sem fylgir frumvarpi þessu segir m.a. um þetta: „...samþjöppun er áhyggjuefni fyrir neytendur/almening í ljósi þess að fjölmiðlar gegna margs konar hlutverki í lýðræðisþjóðfélagi...“ Þá segir einnig: „...er það nokkuð óumdeild sérfræðilegt mat að úrræði hins hefðbundna samkeppnisréttar nægi ekki ein og sér til þess að sporna við neikvæðum áhrifum samþjöppunar og samráðs fyrirtækja á fjölmiðlamarkaði.“

Ekki skal lagt mat á það hvort það sé áhyggjuefni, og þá hversu mikið, að samþjöppun eigi sér stað á fjölmiðlamarkaði. Það er hinsvegar skoðun Viðskiptaráðs Íslands að það sé ekki hlutverk ríkisins að losa almenning við þessar áhyggjur heldur sé hann fullfær um að axla slíkar áhyggjur sjálfur. Ef samþjöppun verður svo mikil á fjölmiðlamarkaði að áhyggjur vakna meðal neytenda er þeim í lófa lagið að snúa sér til annarra fjölmiðla. Þá skapast jafnframt aukið svigrúm fyrir minni fjölmiðla og nýja fjölmiðla á markaði.

Þá er ekki útskýrt í greinargerðinni hvernig samkeppnisreglur hafa brugðist í þessu efni. Engir dómur eða úrskurðir eru nefndir þar sem niðurstaðan var að samkeppnisreglur náðu ekki böndum á fjölmiðla. Það er sjálfsgöð krafa að það séu færð ítarleg rök fyrir því þegar stjórnvöld ákveða að setja svo íþyngjandi ákvæði um takmörkun á eignarhaldi á fyrirtækjum. Viðskiptaráð telur ósannað að almennar samkeppnisreglur dugi til að halda um fjölmiðlarekstur, eins og aðra atvinnustarfsemi.

Það „hlutverk í lýðræðisþjóðfélagi“ sem fjallað er um í greinargerðinni á væntanlega fyrst og fremst við um fréttamiðlun. Ákvæðið tekur hinsvegar ekki aðeins til

fréttamiðla heldur allra fjömiðla. Þótt talið verði að vegna „hlutverks fjömiðla í lýðræðisþjóðfélagi“ sé rétt að setja takmarkanir fyrir því að menn eigi of útbreidda fréttamiðla verður ekki séð að nein þörf sé á að takmarka rétt manna til að eiga t.d. fjölda útvarpsstöðva sem senda bara frá sér tónlist og auglýsingar en ekkert fréttæfni. Til samanburðar má nefna að í frumvarpinu er aðeins mælt fyrir um ritstjórnarlegt sjálfstæði fréttastofa en ekki er gerð krafa til þess að annað dagskrárgerðarfólk sé ristjórnarlega sjálfstætt.

Viðskiptaráð leggur til að ekki verði settar takmarkanir á eignarhald að fjölmiðlum, til vara að slíkar takmarkanir verði einskorðaðar við fjölmiðla sem flytja fréttæfni.

Mæling áhorfs, hlustunar og lestrar

Í b. liður 4. gr. frumvarpsins sem er ætlað að verða 6. mgr. 6. gr. a. útvarpslaga segir að útvarpsréttarnefnd mæli áhorf og hlustun útvarpsstöðva og að nefndinni sé heimilt að gera samning við aðra stofnun eða einkaaðila um að annast slíkar mælingar. Sambærilegt ákvæði er um prentmiðla í a. lið 10. gr. sem er ætlað að verða 5. mgr. 10. gr. a. prentréttarlaga.

Einkaaðilar hafa um langt skeið staðið fyrir mælinum af þessum toga. Ef nefnd á vegum ríkisins ætlaði að hefja slíkar mælingar væri því verið að gera slíkt í samkeppni við þá einkaaðila sem fyrir eru í þessum geira. Mikil þekking hefur verið byggð upp hjá einkaaðilum í þessum geira. Þess vegna er mun eðlilegra að í lögum verði útvarpsréttarnefnd gert skylt að gera samning við einkaaðila um slíkar mælingar.

Viðskiptaráð leggur til að mælingar á áhorfi, hlustun og lestrar verði í höndum einkaaðila.

Ritstjórnarlegt sjálfstæði fréttastofa

Í b. lið 5. gr. frumvarpsins sem er ætlað að verða að 14. gr. b. útvarpslaga má finna ýmsar reglur sem er ætlað að tryggja ritstjórnarlegt sjálfstæði fréttastofa. Sambærilegt ákvæði má finna í c. lið 10. gr. frumvarpsins sem er ætlað að verða að 10. gr. c. prentréttarlaga.

Það sama gildir um ritstjórnarlegt sjálfstæði og gildir um takmarkanir á eignarhaldi á fjölmiðlum: Það er ekki hlutverk ríkisins að hafa áhyggjur af ritstjórnarlegu sjálfstæði fréttastofa heldur er almenningur fullfær um að axla slíkar áhyggjur sjálfur. Ef almenningur telur að ritstjórnarlegt sjálfstæði tiltekinna fréttastofa sé ekki nægjanlega vel tryggt er þeim í lófa lagið að snúa sér til annarra fjölmiðla. Þá skapast jafnframt aukið svigrúm fyrir aðrar fréttastofur á markaði.

Viðskiptaráð leggur til að ekki verði bundið í lög ákvæði um ritstjórnarlegt sjálfstæði fréttastofa.

Í ljósi alls þess sem að ofan greinir leggur Viðskiptaráð til að frumvarpið nái ekki fram að ganga.

Virðingarfyllst,

Davíð Þorláksson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs